

Uppgjör Brims hf. á þriðja ársfjórðungi 2019

- Rekstrartekjur samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi voru 67,7 m€ og 177,7 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (3F 2018: 49,2 m€, fyrstu níu mánuðum 2018: 149,2 m€)
- EBITDA nam 28,1 m€ á þriðja ársfjórðungi og 51,3 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (3F 2018: 13,5 m€, fyrstu níu mánuðum ársins 2018: 24,1 m€)
- Hagnaður á þriðja ársfjórðungi var 17,8 m€ og á fyrstu níu mánuðum ársins 28,5 m€ (3F 2018: 8,2 m€, fyrstu níu mánuði 2018: 11,2 m€)
- Handbært fé frá rekstri nam 41,7 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (fyrstu níu mánuði 2018: 17,4 m€)

Rekstur fyrstu níu mánaða ársins 2019

Rekstrartekjur Brims hf. á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 námu 177,7 m€, samanborið við 149,2 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 51,3 m€ eða 28,9% af rekstrartekjum, en var 24,1 m€ eða 16,2% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 3,2 m€, en voru neikvæð um 1,4 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarfélaganna voru neikvæð um 0,1 m€, en voru jákvæð um 1,9 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 37,2 m€ og hagnaður tímabilsins var 28,5 m€.

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur				
í þúsundum evra	3F2019	3F2018	9M2019	9M2018
Seldar vörur	67.669	49.237	177.736	149.194
Kostnaðarverð seldra vara	(36.317)	(34.120)	(119.611)	(118.417)
Vergur hagnaður	31.352	15.117	58.125	30.777
Aðrar tekjur	0	184	213	928
Útflutningskostnaður	(3.085)	(2.519)	(7.644)	(7.822)
Annar rekstrarkostnaður	(3.482)	(3.103)	(10.205)	(10.476)
Rekstrarhagnaður	24.785	9.679	40.489	13.407
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(695)	184	(3.167)	(1.353)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	(468)	436	(148)	1.900
Hagnaður fyrir tekjuskatt	23.622	10.299	37.174	13.954
Tekjuskattur	(5.820)	(2.125)	(8.686)	(2.729)
Hagnaður tímabilsins	17.802	8.174	28.488	11.225
EBITDA	28.146	13.483	51.323	24.115

Uppgjör Brims hf. á þriðja ársfjórðungi 2019

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 663,8 m€ í lok september 2019. Þar af voru fastafjármunir 533,6 m€ og veltufjármunir 130,2 m€. Eigið fé nam 295,6 m€, eiginfjárlutfall í lok september var 44,5%, en var 41,9% í lok árs 2018. Heildarskuldir félagsins voru í septemberlok 368,3 m€.

Efnahagsreikningur 30.09.2019 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	30.09.2019	31.12.2018
Fastafjármunir	533.630	550.063
Veltufjármunir	130.214	117.003
Eignir samtals	663.844	667.066
Eigið fé	295.557	279.485
Langtímaskuldir	319.401	258.280
Skammtímaskuldir	48.886	129.301
Eigið fé og skuldir samtals.....	663.844	667.066

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 41,7 m€ á tímabilinu, en nam 17,4 m€ á sama tíma fyrra árs. Fjárfestingarhreyfingar voru jákvæðar um 20,5 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 50,6 m€. Handbært fé hækkaði því um 11,6 m€ á tímabilinu og var í lok september 49,9 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur	2019	2018
í þúsundum evra	1.1.-30.09	1.1.-30.09
Handbært fé frá rekstri	41.657	17.366
Fjárfestingarhreyfingar	20.482 (	28.681)
Fjármögnunarhreyfingar	(50.552)	9.938
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	11.587 (	1.377)
Handbært fé í lok tímabilsins.....	49.866	16.226

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrstu níu mánaða ársins 2019 (1 evra = 137,11 kr) verða tekjur 24,4 milljarðar króna, EBITDA 7,0 milljarðar og hagnaður 3,9 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. september 2019 (1 evra = 134,72 kr) verða eignir samtals 89,4 milljarðar króna, skuldir 49,6 milljarðar og eigið fé 39,8 milljarðar.

Skipastóll og afli

Í skipastól félagsins voru í septemberlok átta skip. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 var afli skipa félagsins 40 þúsund tonn af botnfiski og 70 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Uppgjör Brims hf. á þriðja ársfjórðungi 2019

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims hf.:

„Okkur gekk vel á þriðja fjórðungi ársins. Þorskveiði, makrílveiðar og vinnsla gengu vel og meira var framleitt á þessu tímabili af verðmætari afurðum. Verð afurða á erlendum mörkuðum voru hagstæð og ekkert skip var í slipp á tímabilinu. Þá eru auknar fjárfestingar félagsins á undanförnum misserum í nýjum skipum og aflaheimildum að skila sér með skýrum hætti í aukinni arðsemi.“

Önnur mál

Þann 15. október var hlutafé félagsins hækkað um 133.751 þúsund krónur í tengslum við kaup félagsins á öllu hlutafé í sölufélögum í Japan, Hong Kong og á meginlandi Kína, sem og þjónustufélagi á Íslandi. Félögin verða hluti af samstæðureikningsskilum á fjórða ársfjórðungi.

Í lok október var gerður samningur um kaup á tveimur sjávarútvegsfyrirtækjum, Fiskvinnslunni Kambi hf. og útgerðarfélaginu Grábrók ehf. Samanlagt kaupverð félaganna nemur um 22 millj. evra og samþykkti stjórn félagsins kaupin á fundi sínum í dag. Kaupin eru háð samþykki hluthafafundar, Samkeppniseftirlitsins og eftir atvikum annarra eftirlitsaðila.

Kynningarfundur þann 15. nóvember 2019

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi verður haldinn föstudaginn 15. nóvember klukkan 8:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Guðmundur Kristjánsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum.